

Tillögur til kosningar

Kæri starfsmaður,

Eftirfarandi tillaga hefur verið mynduð vegna vinnutímastyttingar í Vallaskóla. Ef meirihluti starfsfólks er samþykktur tillögunni mun hún taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021. Tillagan er háð samþykki bæjarstjórnar.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá *#dags* til *#dags*.

Tillögur að vinnutímastyttingu

Myndaðar hafa verið mismunandi útfærslur á styttingu vinnuvikunnar eftir starfshópum hjá Vallaskóla. Eru þessar tillögur myndaðar eftir samtöl við starfsfólk og endurspeglar þeirra óskir, að svo miklu leyti sem hægt er.

Stuðningsfulltrúar

Vinnudagur styttist um 48 mínútur miðað við 100% starfshlutfall og hlutfallast m.v. starfshlutfall starfsmanna. Styttingin samanstendur af 13 mínútna vinnutímastyttingu og 35 mínútna styttingu vegna niðurfellingar á kaffitímum sem breytast í neysluhlé.

Útfærsla styttingar:

Vinnutímastyttingin hjá starfsfólki sem vinnur bæði í Vallaskóla og á frístundarheimilinu Bifröst verður tekin út í lok dags hjá frístundinni Bifröst.

Stuðningsfulltrúar í 75-100% ráðningahlutfalli hætta vinnu fyrr á daginn með fyrirvara um manneklú.

Stuðningsfulltrúar í 75% starfshlutfalli eða minna geta valið um að hækka starfshlutfall sitt sem nemur vinnutímastyttingunni eða safna upp styttingu sinni og taka út í lok dags vikulega með fyrirvara um manneklú.

Vekja ber athygli á því að starfsmenn geta ekki verið í meira en 100% starfshlutfalli samanlagt hjá stofnunum sveitarfélagsins.

Útfærsla á neysluhléum, veikindi og orlof:

Kaffitímar fyrir og eftir hádegi, samtals 35 mínútur m.v. 100% ráðningarhlutfall verða ekki á forræði starfsmanna og teljast til virks vinnutíma. Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

Breytingar á vinnuskipulagi:

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda.

Dæmi um styttingu á vinnudegi eða auknu starfshlutfalli:

Stuðningsfulltrúi í 75-100% starfi.

Starfsmaður tekur styttinguna sína út daglega, í lok dags á frístundaheimilinu Bifröst. Styttingin er 48 mín miðað við 100% starf og hlutfallast m.v. starfshlutfall.

Stuðningsfulltrúi í minna en 75% starfi.

Starfsmaður velur hvort hann fái vinnutímastyttinguna greidda sem hlutfall ofaná núverandi starfshlutfall eða safni henni upp og taki út vikulega.

Starfsmaður í 65% starfshlutfalli fer í 72% starfshlutfall.

Starfsmaður í 50% starfshlutfalli fer í 55% starfshlutfall.

Matreiðslumaður og matráðar

Vinnudagur styttist um 13 mínútur m.v. 100% starfshlutfall og hlutfallast m.v. starfshlutfall starfsmanna. Kaffihlé eftir hádegi fellur niður og bætist við styttinguna m.v. starfshlutfall starfsmanna.

Útfærsla styttingar:

Matráðar í minna en, eða jafnt og 75% starfshlutfalli fá hækkun á starfshlutfalli um það sem nemur vinnutímastyttingunni, nema um annað sé samið við næsta yfirmann.

Matráðar og matreiðslumaður í 76% starfshlutfalli eða meira taka styttinguna út daglega, nema um annað sé samið sérstaklega við næsta yfirmann.

Útfærsla á neysluhléum, veikindi og orlof:

Kaffihlé að morgni haldast óbreytt, eða 20 mínútur.

Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur vinnutímastyttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

Breytingar á vinnuskipulagi:

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda.

Dæmi um styttingu á vinnudegi eða auknu starfshlutfalli:

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli:

Vinnudagur styttist um 13 mín frá og seinna kaffihlé, 15 mínótur, fellur niður. Styttingin verður því samtals 28 mínótur á dag.

Starfsmaður í 75% starfshlutfalli.

Vinnudagur styttist um 9,75 mín frá og seinna kaffihlé, 6,25 mínótur, fellur niður. Styttingin verður því samtals 16 mínótur á dag sem verður reiknað ofaná starfshlutfall starfsmanns. Nýtt starfshlutfall verður 79%.

Húsvörður, þroskaþjálfar og aðrir starfsmenn í dagvinnu

Vinnudagur húsvarðar, þroskaþjálfar og annara starfsmanna í dagvinna, annara en stuðningsfulltrúa, styttist um 13 mínútur á dag m.v. 100% starfshlutfall og hlutfallast m.v. starfshlutfall starfsmanna.

Útfærsla styttingar:

Starfsmönnum er heimilt að safna upp styttingunni í allt að eina viku og taka út í lok dags einusinni í viku, eða fara fyrir heim daglega. Útfærsluna þarf næsti yfirmaður að meta og samþykkja með tilliti til verkefna starfsmannsins.

Útfærsla á neysluhléum, veikindi og orlof:

Kaffihlé haldast óbreytt. Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

Breytingar á vinnuskipulagi:

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda.

Endurskoðun:

Útfærslan af styttingu vinnuvikunnar verður endurskoðið með öllu starfsfólki Vallaskóla við byrjun næsta skólaárs.


Þú getur óskað eftir nánari upplýsingum varðandi tillöguna með því að hafa samband við aðila innan vinnutímanefndarinnar: [#nöfn og netföng vinnutímanefndar](#)

Niðurstöður kosninga

Stuðningsfulltrúar

Svarhlutfall: 81%

Ert þú hlynnt/hlynntur tillögunni um vinnutímastyttingu ?




Mean : 1.111 | Confidence Interval @ 95% : [0.962 - 1.261] | Standard Deviation : 0.323 | Standard Error : 0.076

Matreiðslumaður og matráðar

Svarhlutfall: 86%

Ertu hlynnt/hlynntur tillögunni um vinnutímastyttingu




Mean : 1.000 | Confidence Interval @ 95% : [1.000 - 1.000] | Standard Deviation : 0.000 | Standard Error : 0.000



Húsvörður, þroskþjálfar og aðrir starfsmenn í dagvinnu

Svarhlutfall: 100%

Ert þú hlynnt/hlynntur tillögunni um vinnutímastyttingu ?



Mean : 1.250 | Confidence Interval @ 95% : [0.760 - 1.740] | Standard Deviation : 0.500 | Standard Error : 0.250



Ítarefni

Stuðningsfulltrúar

Útfærsla á styttingu:

Stuðningsfulltrúar í 75-100% ráðningahlutfalli hætta vinnu fyrr á daginn með fyrirvara um manneklu. Stuðningsfulltrúar í 75-100% ráðningahlutfalli eru 13 samtals. Þar af eru 5 í 100% starfshlutfalli.

Stuðningsfulltrúar í 75% starfshlutfalli eða minna geta valið um að hækka starfshlutfall sitt sem nemur vinnutímastyttingunni eða safna upp styttingu sinni og taka út í lok dags vikulega með fyrirvara um manneklu. Stuðningsfulltrúar í minna en 75% starfshlutfalli eru 9 samtals og vinna þeir allir fyrir hádegi í grunnskólanum.

Matreiðslumaður og matráðar

Matráðar og matreiðslumaður í 76% starfshlutfalli eða meira taka styttinguna út daglega, nema um annað sé samið sérstaklega við næsta yfirmann. Matráðar og matreiðslumenn í 75% eða herra starfshlutfalli eru 3 talsins.

Matráðar í minna en, eða jafnt og 75% starfshlutfalli fá hækkun á starfshlutfalli um það sem nemur vinnutímastyttingunni, nema um annað sé samið við næsta yfirmann. Matráðar í minna en, eða jafnt og 75% starfshlutfalli eru 3 talsins.

OneCRM		
Viðskiptavinur:	Sveitarfélagið Árborg	Höfundur: Signý Harpa Hjartardóttir
Málshæiti:	Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg	Málsnúmer: 2012144